



Kennari:	Magnús Tryggvason	Sk.st.	MT
-----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing: Kennt er á hefðbundinn rennibekk, fræsivél og borvél. Kennslan er einstaklingsmiðuð og eru öryggismál veigamikill þáttur námsins. Samhliða verklegri kennslu er bókleg kennsla. Námið byggir á verkefnalausnum, verk- og bóklegum.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- öryggismálum og umhirðu spóntökuvéla.
- mismunandi hlutum spóntökuvélanna, tilgangi þeirra og möguleikum.
- stillimöguleika rennibekklarinnar við mismunandi verkþætti.
- helstu uppspenniaðferðum í rennibekk og fræsara.
- muninum á mismunandi gerðum rennistáls og í hvaða tilgangi þau eru notuð.
- mikilvægi þess að gæta ávallt fyllsta öryggis þegar unnið er með spóntökuvélar.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leysa einföld verkefni í rennibekk innan 0,1 mm málvika.
- skrúfuskeru með tappa og bakka í rennibekk.
- skrúfuskeru öxul með skrúfuskurðarstáli.
- fræsa mismunandi kanta á öxul ásamt því að fræsa kílspori.
- sinna umhirðu rennibekks og fræsivélar á fullnægjandi hátt

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gæta ávallt fyllsta öryggis þegar unnið er við spóntökuvélar.
- reikna út snúnings- og skurðhraða samkvæmt töflum.
- finna réttan skurð- og snúningshraða og velja rétt verkfæri við lausn mismunandi verkefna.
- leita ráða hjá reyndum mönnum þegar það á við.
- gera stutta greinargerð um verkefni sem unnin eru þar sem fram koma upplýsingar um efnistösk, véla- og verkfæraaval, framvindu verks og vinnslutíma.

Námsgögn: Rennismíði fyrir grunnnám málmiðna, 2. útgáfa (Pór Pálsson), efni frá kennara.
Nemendur verða að útvega sér sitt eigið rennimál

Áætlun um yfirferð verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf og verkefni
		Öxull og ró, æfingaverkefni, fræsiverkefni, vinnubók ofl.	Mat á verkefnum annar

Sérreglur áfangans og námsmat:

Skilyrði fyrir því að þessum áfanga sé náð, er að nemendur ljúki við gerð verkefna og skili fagbóklegum verkefnum. Verklegr verkefni 60%. Fagbókleg verkefni 20%. Umgengni 10%. Ástundun 10%.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.